

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. maí 2020

21. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Verne eykur umsvifin með nýju hlutafé Gagnaverið hefur tryggt sér yfir fjögurra milljarða króna fjármögnun með hlutafjárukningu og láni frá Arion banka.	Ísland komið í lágvaxtaumhverfi Hagfræðingur Viðskiptaráðs segir fátt benda til annars en að heimilinn haldi áfram að færa sig í overðtryggð íbúðalán.	Störfum gæti fækkað um 12 þúsund Fjöldi starfa í ferðaþjónustu hefur mjög sterka fylgni við straum ferðamanna til landsins. Getur tekið langan tíma að endurheimta störf.	Allir vildu Lilju kveðið hafa „Það var engin heildstæð áætlun til og öll undirbúningsvinna [Seðlabankans] og greining var í skötulíki,“ Sigurður Már Jónsson blaðamaður, í svargrein til Más Guðmundssonar.	Vaxtasloppurinn kvaddur Hlutfallsleg lækkun vaxtastigs á Íslandi á árinu er meiri en í flestum samanburðarlöndum, á sama tíma og skuldsetning ríkissjóðs vegna faraldursins er mjög viðráðanleg, segir Agnar Tómas Möller.
2	4	6	12	14

YGGINGU
EKSTRI
TAINNVIDA
LANDI

Forsendunum kollvarpað

Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri Mílu, segir að félagið muni draga úr fjárfestingum í innviðum úti á landi vegna aukinna kvaða. Póst- og fjarskiptastofnun skorti þekkingu og getu til að sinna hlutverki sínu. ➡ 8



FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímাপantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800



Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Novator selur í Play fyrir þrettán milljarða króna

Félag í eigu Novator, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, seldi í lok síðustu viku liðlega fimm prósentu hlut í Play fyrir rúma þrettán milljarða króna. Í kjölfar sölunnar fer félagið með um fimmtungshlut í pólska fjarskiptafélaginu Play.

Hlutabréfin voru seld til bandarískra og evrópskra fagfjárfesta á genginu 28 pólsk slot á hlut, en til samanburðar stóð gengi hlutabréfa í fjarskiptafélaginu í 29,6 slotum í gær. Hefur það lækkað um sextán prósent frá áramótum.

Novator hefur þannig selt samanlagt um tíu prósentu hlut í Play á síðustu átta mánuðum en félagið gekk frá sölu á 4,5 prósentu hlut í fjarskiptafélaginu fyrir um 12,3 milljarða króna í september í fyrra. Þau viðskipti voru gerð á genginu 30,5 slot á hlut.

Gríska fjárfestingafélagið Toller-ton hefur einnig minnkað við sig í Play samhliða sölu Novators en félagið, sem hefur verið stærsti hluthafi fjarskiptafélagsins ásamt Novator frá árinu 2008, hefur selt alls níu prósentu hlut í Play frá því í september í fyrra. Fer það nú með fimmtungshlut í fjarskiptafélaginu, rétt eins og Novator, en sá hlutur er metinn á ríflega fimmtíu milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í pólska félaginu.

Novator og Toller-ton höfðu í hyggju að selja

255

milljarðar króna er markaðsvirði Play.

samanlagt sjö prósentu hlut í Play í síðustu viku, en vegna sterkrar eftirspurnar af hálfu fjárfesta ákváðu félögin að lokum að selja alls 9,8 prósentu hlut.

Play var sem kunnugt er skráð á hlutabréfamarkað í Varsjá sumarið 2017 í kjölfar eins stærsta hlutafjárútboðs í sögu Póllands þegar Novator og Tollerton seldu samanlagt nærri 49 prósentu hlut í félaginu.

Félagið er stærsta fjarskiptafélag Póllands með yfir fimmtán milljónir viðskiptavina og 28 prósentu markaðshlutdeild. Markaðsvirði þess nemur um 7,5 milljörðum slota eða sem jafngildir um 255 milljörðum króna. – kij



Björgólfur Thor Björgólfsson, aðaleigandi fjárfestingafélagsins Novator.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Höður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS



Gagnaver Verne Global á Ásbrú, sem er meðal annars í eigu lífeyrissjóða, var opnað árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verne eykur umsvifin með nýju hlutafé

Gagnaver Verne Global á Ásbrú hefur tryggt sér um sex milljarða króna fjármögnun með hlutafjárauðningu og láni frá Arion banka. Stærstu hluthafarnir lögðu félaginu til fé. Mikið tap hefur verið á rekstrinum á síðustu árum.

Verne Global, sem rekur gagnaver á Ásbrú í Reykjanesbæ, hefur lokið við hlutafjárauðningu fyrir um tíu milljónir dala, jafnvirði tæplega 1,4 milljarða króna, auk þess sem félagið hefur tryggt sér yfir fjögurra milljarða króna lán frá Arion banka. Er fjármögnuninni ætlað að auka afkastagetu gagnaversins um liðlega fjögur megavött, að sögn forvarsmanna fyrirtækisins.

Samkvæmt gögnum sem hefur verið skilað inn til bresku fyrirtækjaskrárinnar, tóku stærstu hluthafar Verne Global, þar á meðal félag á vegum Novators og framtakssjóður í stýringu Stefnis, þátt í hlutafjárauðningunni.

Þannig lögðu félög í stýringu Novator, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, gagnaverinu til um 2,6 milljónir dala, jafnvirði um 360 milljóna króna, á meðan sjóðurinn SF VI, sem er að mestu fjármagnaður af innlendum lífeyrissjóðum, fjárfesti í því fyrir um 2,9 milljónir dala, eða sem jafngildir um 400 milljónum króna.

Breski góðgerðarsjóðurinn Wellcome Trust, stærsti hluthafi Verne Global með nærri 30 prósentu hlut, lagði félaginu til 3,2 milljónir dala og þá nam framlag bandaríska fjárfestingarsjóðsins General Catalyst

750 milljónir króna var tap móðurfélags gagnaversins á Ásbrú árið 2018.

Partners um 1,3 milljónum dala.

Novator hafði sem kunnugt er forystu um stofnun Verne Global árið 2007 ásamt General Catalyst. Wellcome Trust, sem er meðal annars einn stærsti bakhjarl rannsóknar í líf- og læknisfræði í heiminum, fjárfesti í gagnaverinu árið 2010 og þá kom fyrrnefndur sjóður í rekstri Stefnis, sjóðastýringarfélags Arion banka, inn í hluthafahópinn með um fjórðungshlut snemma árs 2015.

Fram kemur í fyrrnefndum gögnum úr bresku fyrirtækjaskránni að Verne Global og Arion banki hafi samið um miðjan síðasta mánuð um annars vegar framkvæmdalán í evrum og dólum fyrir jafnvirði um 2,3 milljarða króna og hins vegar lán til endurfjármögnunar á eldri lánum fyrir allt að 1,9 milljarða króna.

Eru lánin tryggð með veði í öllu hlutafé gagnaversfélagsins.

Bankinn hefur áður komið að fjármögnun Verne Global, en hann endurfjármagnaði sem dæmi félagið að fullu árið 2014, tveimur árum eftir að starfsemi gagnaversins hófst, auk þess sem hann fjármagnaði á sama ári frekari stækkun þess.

Tap hefur verið á rekstri gagnaversins frá því að það var opnað árið 2012. Sem dæmi nam tap Verne Holdings, móðurfélags Verne Global, um 5,4 milljónum dala, jafnvirði um 750 milljóna króna, árið 2018 og nærri 10,2 milljónum dala árið 2017.

Tekjur félagsins námu samanlagt 17,5 milljónum dala, um 2,4 milljörðum króna árið 2018, borið saman við 12,3 milljónir dala árið áður.

Móðurfélagið átti eignir upp á alls 98,5 milljónir dala, sem jafngildir um 13,7 milljörðum króna, í lok árs 2018, en á sama tíma var eigið fé þess 72,7 milljónir dala og eiginfjárlutfallið því um 74 prósent.

Dominic Ward, sem hefur starfað sem fjármálastjóri Verne Global, tók við forstjórastarfi gagnaversfélagsins fyrr á árinu af Jeff Monroe, sem hafði gegnt starfinu í meira en tíu ár. Áður starfaði Dominic fyrir fjárfestingararm Wellcome Trust þar sem hann leiddi meðal annars fjárfestingu sjóðsins í Verne Global á árunum 2010 og 2011.

kristinningi@frettabladid.is

Hlutafé Valitor aukið um 3,5 milljarða

Hlutafé Valitor, dótturfélags Arion banka, hefur verið aukið um 3,5 milljarða króna. Hlutafjárhækkunin, sem fór fram á genginu einum, var samþykkt á hluthafafundi greiðslumiðunarfyrirtækisins undir lok síðasta mánaðar og var hún greidd með umbreytingu á kröfu Arion banka á Valitor. Hlutafé félagsins eftir hækkunina nemur 3,9 milljörðum króna að nafnvirði.

Gríðarlegt tap hefur verið á rekstri Valitor um langt skeið, einkum vegna starfsemi félagsins erlendis, en á fyrsta fjórðungi þessa árs nam tapið tæplega 1,2 milljörðum króna. Á árinu 2019 nam rekstrartapið hins vegar um tíu milljörðum króna. Viðari þorkelssyni, sem hafði stýrt Valitor undanfarinn áratug, var sagt upp störfum í lok marsmánaðar á þessu



Herdis Fjeldsted, forstjóri Valitor.

ári. Herdis Fjeldsted, sem þá var varaformaður stjórnar Arion banka og formaður stjórnar Valitor, tók við starfinu og mun gegna því þar til stjórn félagsins hefur ráðið forstjóra til frambúðar.

Í lok síðasta árs var tilkynnt um að stjórn Valitor hefði ráðist í endurskipulagningu á félaginu til að snúa við taprekstrinum og styrkja kjarnastarfsemina. Fjárfestingar

Valitor á undanfórnum árum í alþjóðlegri starfsemi nema um sex milljörðum króna. Samanlagt tap félagsins á þessari starfsemi, bæði vegna kaupar á fyrirtækjum í Bretlandi og Danmörku og uppsafnaðs taprekstrar þeirra, er talið nema um 13 milljörðum króna. Fyrr í þessum mánuði var tilkynnt um að Valitor hefði selt starfsemi sína í Danmörku.

Bókfært virði Valitor í reikningum Arion banka hefur lækkað verulega á undanfórnum misserum og árum og nam 5,5 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs. Til samanburðar var félagið bókfært á liðlega 16 milljarða í ársbyrjun 2019. Valitor er skilgreint sem eign til sölu í reikningum Arion, en bandaríski fjárfestingabankinn Citi var fenginn til að hafa umsjón með sölnunni í lok árs 2018. – hae

AFMÆLISTILBOÐ

27-60%

AF ÖLLUM VÖRUM



31%

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 189.900 KR.
NÚ 129.900 KR.



31%

HEADPOINT
LISTAVERÐ 79.900 KR.
NÚ 54.900 KR.



50%

NAVIGO
LISTAVERÐ 89.900 KR.
NÚ 44.950 KR.



35%

RAFMAGNSBORD
AFMÆLISTILBOÐ
FRÁ 58.175 KR.



40%

SITNESS 5
LISTAVERÐ 52.900 KR.
NÚ 31.740 KR.



60%

HUBERT
LISTAVERÐ 128.900 KR.
NÚ 51.560 KR.

35%

AF ÖLLUM RAFMAGNSBORDUM



50%

W3
LISTAVERÐ 84.900 KR.
NÚ 42.450 KR.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is


RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Síðumúla 37
Sími: 564-5040

Færi sig áfram úr verðtryggðum lánum

Hagfræðingur Viðskiptaráðs segir fátt benda til annars en að heimilin haldi áfram að færa sig í óverðtryggð íbúðalán. Ísland sé komið í lágvaxtaumhverfi. Aðalhogfræðingur Kviku segir vaxtataeki Seðlabankans ekki tryggja að fjármagn fari til fyrirtækja.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



EF verðbólga helst lítil og vextir verða áfram lágir, eins og forsendur eru fyrir, er ekkert sem bendir til annars en að heimili landsins haldi áfram að færa sig úr verðtryggðum íbúðalánum í óverðtryggð, að mati hagfræðings Viðskiptaráðs Íslands.

„Allt tal um að stjórnvöld afnemi eða setji þak á verðtrygginguna verður þá gagnslaust enda má segja að heimilin séu – hægt og bitandi – að afnema hana hvort eð er sjálf,“ segir hagfræðingurinn Konráð S. Guðjónsson í samtali við Markaðinn.

Hann bendir á að nær öll ný íbúðalán bankanna, að fráðregnum uppgreiðslum, séu óverðtryggð, á

sama tíma og verðtryggðu lánin hafa dregist saman.

Aðalhogfræðingur Kviku banka segir það áleitna spurningu við núverandi aðstæður hvort það sé einfaldlega þess virði fyrir banka-ana að lækka vexti enn frekar. Það sé auk þess ekki náttúrulegt í kreppu og vaxtalækkunarferli að keyra vexti niður í núll.

Í kjölfar 0,75 prósentustiga vaxtalækkunar peningastefnunefndar Seðlabankans í síðustu viku hafa stýrivextir lækkað um alls tvö prósentustig frá því í febrúar. Þeir standa nú í einu prósentu og hafa ekki verið lægri frá því að verðbólguþröskur var tekið upp árið 2001.

Til þess að bregðast við efnahagsáhrifum kórónaveirunnar hafa seðlabankar víða lækkað stýrivexti umtalsvert á undanförunum mánuðum og þá sérstaklega í þeim ríkjum þar sem svigrúm til lækkana var fyrir hendi. Í mörgum ríkjum stóðu



Heimili landsins hafa á síðustu árum fært sig smám saman úr verðtryggðum íbúðalánum í óverðtryggð, samfara minni verðbólgu og lækkandi vöxtum. Greinendur búast við áframhaldi á þeirri þróun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

vextir við núllið eða voru jafnvel neikvæðir áður en veiran lét fyrst á sér kræla.

Umræddar stýrivaxtalækkunarir og aðrar aðgerðir helstu seðlabanka heims, lækkun verðbólguvæntinga og áhyggjur fjárfesta af versnandi efnahagshorfum hafa birst í mikilli lækkun langtímaaxta á heimsvísu undanfarið, en sem dæmi hafi vextir tíu ára bandarískra ríkisskuldabréfa aldrei verið lægri.

Haft var eftir Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra í síðustu viku að Ísland væri óðum að komast í lágvaxtaumhverfi eins og þekkst hefur í nágrannalöndum okkar. Undir það tekur Konráð.

„Vissulega munu koma sveiflur og vextir mögulega hækka þegar hagkerfið tekur við sér að nýju,“ segir hann, „en ég tel að almennt séð séu forsendur fyrir því að vextir hér á landi – rétt eins og annars staðar á Vesturlöndunum – verði að jafnaði lægri en áður hefur þekkst.“

Þó þurfi áfram að vera á varðbergi. Þrátt fyrir að verðbólgan hafi haldist lítil á síðustu árum kenni hagsagan okkur að hún geti auðveldlega farið úr böndunum með þeim afleiðingum að vextir hækki í kjölfarið.


Í málefni Peningamála er bent á að ekki sé að merkja að aðgengi heimila að lánsfé hafi minnkað í kjölfar faraldursins. Þannig hafi vextir á húsnæðislánum haldið áfram að lækka samhliða vaxtalækkunum Seðlabankans. Vaxtaálag á fyrirtækjalán hafi hins vegar hækkað enn frekar, en á nýjum slíkum lánum eru þeir nú um fimm prósentustigum yfir stýrivöxtum.

Greiðslubyrðin ekki vandinn

Kristrún M. Frostadóttir, aðalhogfræðingur Kviku, segir að þó svo að sum fyrirtæki séu með lán á breytilegum vöxtum séu afar fá með lán sem fylgi markaðsvöxtum. Flest séu með breytileg lán sem miðist við kjörvexti bankanna en það séu vextir sem bankarnir ákvarði sjálfir.

„Þannig að ef þeir sjá ekki fram á að geta lækkað vexti meira, til þess að ganga ekki á vaxtamuninn hjá sér, þá munu kjörvextir ekki lækka. Spurningin sem bankarnir þurfa þannig að svara er hvort þeir eigi að lækka vexti og ganga á vaxtamuninn eða ekki. Það er ómögulegt að segja fyrir víst hvað bankarnir ákveða að gera. Þó má segja

Stýrivextir í febrúar og maí



Nær öll ný íbúðalán bankanna, að fráðregnum uppgreiðslum, eru óverðtryggð á sama tíma og verðtryggðu lánin hafa dregist saman.

Konráð S.
Guðjónsson,
hagfræðingur
Viðskiptaráðs



Það er ekki náttúrulegt í kreppu og vaxtalækkunarferli að keyra vexti niður í núll.

Kristrún M.
Frostadóttir,
aðalhogfræðingur
Kviku



að við núverandi aðstæður, þar sem margt vinnur gegn bönnunum, svo sem útlánatöpp, erfiðar markaðsaðstæður og lágir vextir á innlánsreikningum, sé það áleitna spurning hvort það sé einfaldlega þess virði fyrir banka-ana að lækka vexti enn frekar,“ segir hún.

Í því sambandi þurfi að hafa í huga að greiðslubyrðin sem slík sé ekki grunnvandi flestra fyrirtækja um þessar mundir. Þau séu einfaldlega mörg hver nær tekjulaus og þurfi nauðsynlega á fjármagni að halda, óháð verði.

„Vissulega myndi minni greiðslubyrði létta fyrirtækjunum röðurinn en það gæti farið fyrir lítið ef það kemur niður á arðsemi banka með þeim afleiðingum að þeir lána minna út síðar meir. Það þarf að horfa á heildarsamhengi hlutanna og fram í tímann,“ nefnir Kristrún.

Vaxtataekið sé mikilvægt töl en það hafi hins vegar alls konar hliðaráhrif og sé líka takmörkunum háð. Það tryggi til að mynda ekki að fjármagn fari til fyrirtækja.

„Sem dæmi voru ný útlán til fyrirtækja aðeins um 200 milljónir

króna í síðasta mánuði á sama tíma og stýrivextir höfðu verið lækkaðir verulega og tekjur margra fyrirtækja voru nær engar svo fjármagnsþörfin var augljós. Það var búið að lækka verð á fjármagni en samt var afar lítið lánað,“ nefnir Kristrún.

Hvað varðar húsnæðislán til heimila segir hún það vel geta verið að bankarnir hafi svigrúm til þess að lækka áfram vexti á þeim. Það kæmi þó á óvart, miðað við núverandi fjármögnunarkjör þeirra, ef þeir miðluðu stýrivaxtalækkuninni allri áfram.

„Það má líka velta því fyrir sér hvort það sé yfir höfuð æskilegt að hvetja til aukinnar skuldsetningar heimila þegar fram undan er tímabil tveggja tölustafa atvinnuleysis. Þó mörg heimili muni aðeins endurfjármagna er líklegt að mjög lágir vextir komi fleirum í gegnum greiðslumat á dýrari eignum og auki þannig girun á húsnæðismarkaði.

Ég er ekki hrifin af því að við skuldsetjum einkageirann út úr þessu ástandi,“ segir Kristrún.



KPMG
Lögmenn

Nýtt framkvæmda blað

á byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.



Tilboð

Steelworks eik
10mm, 157x628mm.
Hörkustuðull AC4
3.428 kr./m²
0113662
Almennt verð: 4.290kr./m²

20%

Tilboð

Messina
Loftljós, 8xE27. 56cm.
Perur fylgja ekki með.
14.021
52238896
Almennt verð: 18.695kr

25%

GROHE

Tilboð

Start Edge
Eldhústæki,
krómað
11.995
15331369
Almennt verð: 15.995

25%

Vinnur þú 100.000kr. inneign hjá Hólf & Gólf?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram fyrir 17. júní og merktu **#bykoheimili20**

Miðvikudaginn 24. júní verður heppinn vinningshafi tilkynntur. Að auki verða valdir aukavinningshafar sem fá 35.000 kr. inneign í Hólf & Gólf.

Soffía Dögg Garðarsdóttir hjá Skreytum hús og **Karen Ósk Magnúsdóttir** innanhúsráðgjafi verða gestadómarar og hægt er að fylgjast með leiknum á www.skreytumhus.is, á facebook síðu BYKO og Instagram.

#bykoheimili20



GROHE

Tilboð

Lineare
Handlaugartæki,
krómað
17.995
15323106
Almennt verð: 27.995
Þú sparar:
10.000

36%

BYKO



Deilt var um tafabætur vegna kísilverins. FRÉTTABLAÐID/AUÐUNN

Greiðir PCC um milljarð í bætur

Forsvarsmenn kísilver PCC á Bakka við Húsavík hafa náð samkomulagi við verktakann sem byggði verksmiðjuna, þýska fyrirtækið SMS, um að síðarnefnda fyrirtækið greiði því fyrrnefnda um einn milljarð króna. Fyrirtækin hafa um nokkurt skeið deilt um tafabætur vegna framkvæmdanna.

» Fulltrúar PCC og SMS gengu fyrir í mánuðinum frá samkomulagi um eingreiðslu vegna seinkunar á afhendingu kísilverksmiðjunnar.

Gengið var frá samkomulagi um eingreiðsluna fyrir í mánuðinum.

Eins og fram hefur komið í Markaðinum spratt deila PCC og SMS upp vegna seinkunar á afhendingu verksmiðjunnar. Upphaflega stóð til að verksmiðjan yrði afhent PCC síðla árs 2017, en það táfðist og var hún ekki formlega afhent fyrir en í október í fyrra. Þess má geta að kísilverið var gangsett í maí árið 2018.

Fram kom í Viðskiptablaðinu fyrir á árinu að vegna tafanna hefði PCC tekið yfir 9,4 milljóna evra bankaábyrgð, sem SMS hafði lagt fram vegna framkvæmdanna. Þýski verktakinn mótmælti því og gerði mótkröfu á PCC upp á 44 milljónir evra. Haft var eftir Rúnari Sigurpálssyni, forstjóra PCC á Bakka á þeim tíma, að viðræður vegna málsins væru í gangi. Fyrirtækin vildu síður að deilan rataði fyrir dómstóla.

Sem kunnugt er gengu stjórnendur kísilverins frá samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu þess við lánveitendur og hluthafa, sem eru meðal annars íslenskir lífeyrissjóðir og Íslandsbanki í gegnum samlagshlutfélagið Bakkastakk, í mars síðastliðnum.

Samkvæmt samkomulaginu er kísilverinu veittur frestur á greiðslu vaxta og afborgana og þá mun þýska fyrirtækið PCC SE, sem á 86,5 prósent hlut á móti 13,5 prósent hlut Bakkastakks, leggja fram 40 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 5,6 milljarða króna, í reksturinn í formi hluthafaláns, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hrávrúmrörkuðum hafa einkennt starfsemi kísilverins frá gangsetningu á vormánuðum ársins 2018. Þá hafa vandræði í hreinsivirki verksmiðjunnar valdið því að slökkva hefur þurft á ljósbogaofnum. – kij

Störf haldast þéttingsfast í hendur við ferðamannafjölda

Fjöldi starfa í ferðaþjónustu hefur mjög sterka fylgni við straum ferðamanna til landsins. Útlit er fyrir fækkun um 12 þúsund starfa í greininni á rúmlega ári miðað við spá Íslandsbanka um fjölda ferðamanna. Jafngildir um 6% vinnumarkaðarins. Getur tekið langan tíma að skapa eða endurheimta störf.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fjöldi þeirra sem starfa í ferðaþjónustu gæti dregist saman um allt að tólf þúsund á rúmu ári miðað við spá Íslandsbanka um fjölda ferðamanna og sögulega sterka fylgni hans við fjölda starfandi í ferðaþjónustu. Atvinnusköpun í greininni helst í hendur við ferðamannastrauminn og því er útlit fyrir að fjöldi starfa á næstu árum verði talsvert undir fyrri hæðum.

Fjöldi útlendinga sem fara um Keflavíkurflugvöll og fjöldi starfandi í ferðaþjónustu hafa fylgst náð að undanfarin ár eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Ef skoðuð er fylgnin frá janúar 2009 til janúar 2020 sést að straumur ferðamanna til Íslands skýrir tæplega 99,8 prósent af breytingunni í fjölda starfa í ferðaþjónustu.

„Ferðaþjónustan er mannaflsfræk og það eru takmörkuð tækifæri til að ná fram stærðarhagkvæmni. Það leiðir til þess að nokkuð línuleg fylgni er milli fjölda ferðamanna og fjölda starfa í greininni. Fyrirtæki þurfa svo og svo marga starfsmenn til að taka á móti ákveðnum fjölda ferðamanna,“ segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhaf fræðingur Íslandsbanka, í samtali við Markaðinn.


Íslandsbanki birti nýja þjóðhagsspá um miðjan maí þar sem gert er ráð fyrir 9,2 prósent samdrætti í landsframléiðslu á þessu ári. Spáir bankinn 4,7 prósent hagvexti á næsta ári og 4,5 prósent hagvexti árið 2022. Ein af lykilbreytingunum á bak við hagvaxtarspána er fjöldi ferðamanna sem Íslandsbanki telur að verði um 750 þúsund á þessu ári samanborið við tæplega 2 milljónir á árinu 2019. Ferðamenn verði síðan rúm milljón á næsta ári og 1,3 milljónir árið 2022 ef spá bankans gengur eftir.

Með því að nota fylgnina sem hefur verið á milli fjölda starfandi í ferðaþjónustu og fjölda ferðamanna, ásamt spá Íslandsbanka um fjölda ferðamanna út árið 2022, má spá fyrir um atvinnuþróun í ferðaþjónustu.

Þannig mun þeim sem starfa í ferðaþjónustu fækka úr 27 þúsundum í janúar 2020, sem eru síðustu opinberu tölurnar, niður í rúmlega 15 þúsund í mars 2021. Fækkun starfa í atvinnugreininni getur því numið 12 þúsundum á rúmu ári.

„Ferðaþjónustan er óhjákvæmilega stór þáttur í hagsveiflunni sem er fram undan. Fækkun um tólf

Útlendingar um Keflavík og starfandi í ferðaþjónustu



Samkvæmt spá Íslandsbanka koma 1,3 milljónir ferðamanna til landsins árið 2022 borið saman við 2 milljónir í fyrra. FRÉTTABLAÐID/VALLI

þúsund jafngildir um 6 prósent af vinnumarkaði, sem er megnið af atvinnuleysinu sem við erum að spá. Á móti vegur að sumir geta fundið vinnu í öðrum atvinnugreinum, hluti af erlenda vinnuafliinu snýr aftur til síns upprunalands og ýmsir hverfa af vinnumarkaði til að fara í nám eða á eftirlaun,“ segir Jón Bjarki.

Ekki allir snúa heim

Árið 2018 var um þriðjungur þeirra sem störfuðu í ferðaþjónustu af erlendu bergi brotinn. Jón Bjarki segir ekki hægt að gera ráð fyrir að allir útlendingar sem missa vinnuna snúi aftur til sinna heimalanda.

„Við munum ekki endilega sjá

brottf lutning í stórum stil þó að fólk missi tímabundið vinnuna, sérstaklega ef það hefur von um að finna nýtt starf eða fá gamla starfið sitt að nýju þegar hagkerfið tekur við sér. Langflest lönd eru að glíma við kreppu á sama tíma og Ísland og það er ekki víst að fólk vilji snúa aftur til landa þar sem lífskjör eru lakari og velferðarkerfið minna í sniðum.“

Vel undir hápunktinum

Fjöldi starfandi í ferðaþjónustu náði hápunkt í desember 2018 þegar hann nam 29 þúsundum. Ef spá Íslandsbanka um 800 þúsund ferðamenn á þessu ári gengur eftir, og ef áfram verður jafn sterk fylgni milli fjölda ferðamanna og fjölda

Við munum líklega sjá tilfærslu starfa yfir í aðrar greinar og fráhrarf af vinnumarkaði.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhaf fræðingur Íslandsbanka



starfa í atvinnugreininni, má varlega áætla að lágpunkti verði náð í mars 2021 þegar fjöldi starfandi í ferðaþjónustu mun nema rúmlega 15 þúsundum.

Með fjölgun ferðamanna upp í 1,3 milljónir árið 2022 má áætla að fjöldi starfandi fari upp í tæplega 22 þúsund í lok ársins. Þá vantar enn 7 þúsund störf í greininni til að ná fyrri hæðum.

„Í okkar spá verður atvinnuleysishlutfall í landinu fyrst orðið svipað árið 2022 en það er ekki byggt á þeirri undirliggjandi forsendu að störfin í ferðaþjónustu verði orðin jafnmörg. Til þess þarf ferðamannastraumurinn að vera nær 2 milljónum en einni milljón,“ segir Jón Bjarki.

„Þau verða væntanlega talsvert færri. Við munum líklega sjá tilfærslu starfa yfir í aðrar greinar og fráhrarf af vinnumarkaði,“ segir Jón Bjarki.

Davidson Kempner fær 560 milljónir frá íslenska dótturfélaginu

BLM fjárfestingar ehf., sem er langsamlega stærsti hluthafi Klakka, greiddi 560 milljónir króna til eiganda síns í maí með lækkan á hlutfé. Fram kemur í tilkynningu til fyrirtækjaskrár að á hluthafafundi BLM fjárfestinga, dótturfélags Burlington Loan Management, sem aftur er í eigu bandaríska vogunarsjóðsins Davidson Kempner, hafi verið ákveðið að lækka hlutfé úr 567 milljónum niður í 7 milljónir með greiðslu til hluthafa að fjárhæð 560 milljónir króna.

Eignarhaldsfélagið Klakki hélt

utan um 100 prósent hlut í eignaleigufyrirtækinu Lykli sem var selt til tryggingafélagsins TM fyrir 9,25 milljarða króna í fyrra. Auk þess mun hagnaður eignaleigufyrirtækisins á síðasta ári renna til Klakka. Áður hafði eignarhaldsfélagið selt flestar aðrar eignir sínar og má þar meðal annars nefna hluti í VÍS, Símanum, Kviku og Bakkavör.

Davidson Kempner, sem var einn stærsti kröfuhafi föllnu bankanna, bætti verulega við eignarhlut sinn í Klakka í gegnum BLM fjárfestingar árið 2016 þegar félagið keypti samanlagt rúmlega 60 prósent hlut



Jeremy Lowe stýrði fjárfestingum Davidson Kempner á Íslandi.

» Vogunarsjóðurinn fór með um 90 prósent hlut í Klakka sem seldi Lykil til TM fyrir um 9,6 milljarða króna á síðasta ári.

af Arion banka, Glitni HoldCo og Lindarhvoli. BLM fjárfestingar átti hesta tilboðið í tæplega 18 prósent hlut ríkisins í Klakka þegar hluturinn var boðinn til sölu af Lindarhvoli haustið 2016 en það hljóðaði upp á 505 milljónir króna.

Þá greindi Markaðurinn frá því í


janúar að félag á vegum Davidson Kempner hefði á síðasta ári gengið frá kaupum á öllum bréfum félaga í eignum viðskiptafélaganna Sigurðar Valtýssonar og bræðranna Ágústar og Lýðs Guðmundssona í Klakka. Vogunarsjóðurinn fór í kjölfar kaupanna með um 90 prósent hlut. Félög tengd Sigurði, sem er fyrrverandi forstjóri Exista, og bræðrunum, sem eru oftast kenndir við breska matvælaframleiðandann Bakkavör, voru fyrir sölnu næststærstu hluthafar Klakka en samlagður eignarhlutur þeirra í félaginu var þá um sjö prósent. – þfh

**LG****Business
Solutions**

Slepptu ímyndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG býður upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED**TÖLVU
LISTINN**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

Refsað fyrir að byggja upp innviði

Framkvæmdastjóri Mílu segir að dregið verði úr fjárfestingum í innviðum úti á landi vegna aukinna kvaða Póst- og fjarskiptastofnunar. Fjárfestar hafa áhuga á innviðafélögum eins og Mílu.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Míla, sem á og rekur helstu fjarskiptainnviði landsins, ætlar að draga úr fjárfestingum sínum í þéttbýli úti á landi og dreifbýli vegna aukinna kvaða sem Póst- og fjarskiptastofnun hyggst leggja á félagið. Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri Mílu, segir að fyrirtækinu verði refsað fyrir að koma að verkefnum á landsbyggðinni þar sem uppbygging innviða er dýrari en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig fari eftirlitsstofnunin gegn stjórnvöldum sem stefna að hagkvæmri uppbyggingu fjarskiptainnviða.

„Það verður kannski á bilinu 2-300 milljónir króna í ár. Áætlun ársins gerði ráð fyrir að Míla myndi leggja ljósleiðara til rúmlega 4 þúsund heimila á þéttbýlissstöðum úti á landi, en hluti þeirra verður stöðvaður vegna forsendubrestsins. Að auki erum við að draga okkur út úr áformuðum verkefnum í dreifbýli,“ segir Jón Ríkharð, spurður um fjárhagslegt umfang þeirrar uppbyggingar sem Míla mun hætta við vegna aukinna kvaða.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur lokið við frumdrög að markaðsgreiningu sem er grundvöllur fyrir reglusetningu um fjarskiptainnviði. Viðmiðið er að PFS vinni markaðsgreiningu á tveggja eða þriggja ára fresti, en síðasta greining var unnin árin 2012-2014. Það verða því sex til sjö ár á milli markaðsgreininganna.

„Þetta er eitt af þeirra mikilvægari verkefnum en svo virðist sem því sé ekki sýnd nægileg virðing. Við förum á fund þeirra fyrir ári síðan og kvörtuðum yfir seinangangi þar sem við töldum forsendur fyrir því að draga verulega úr og aflétta kvöðum á okkur. Samkeppnisumhverfið hefur tekið verulegum breytingum og markaðshlutdeild Mílu hefur minnkað verulega á undanfórnum árum. Niðurstaðan varð síðan þveröfug,“ segir Jón.

PFS hyggst því viðhalda útnefningu Mílu sem fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og fyrri kvöðum um aðgang, eftirlit með gjaldskrá og fleira. PFS leggur einnig til að kvaðirnar verði viðtækari í nokkrum atriðum. Meðal annars er lagt til að eftirlit með gjaldskrá ná til ljósleiðaraneta Mílu, kvöð verði um aðgang að rorum og lagnaleiðum og ítarlega verði kveðið á um birtingu upplýsinga um rör og lagnaleiðir og fyrirhugaðar jarðvegsframkvæmdir.

Þá verða viðtækari kvaðir á eftirliti með gjaldskrá þar sem verðkvöð með jafnaðarverði verður sett á ljósheimtaugar og bitastraumsaðgang á ljósheimtaugum auk fyrri kvaða um verðkvöð með jafnaðarverði á kopar.

„Áhrif þessara breytinga eru verulegar. Míla hefur fjárfest fyrir milljarða í uppbyggingu ljósheimtauga og bitastraums um allt land og þær fjárfestingar byggðu á fyrirliggjandi reglum og fyrri yfirlýsingum PFS, um að ekki yrði lögð

jafnaðarverðskvöð á þessa þætti. Þessar fjárfestingar byggja því á ákveðnum forsendum sem ekki eru lengur til staðar. Við sem stöndum í dýrum langtíma fjárfestingum í innviðum verðum að geta treyst því að forsendum fjárfestinga sé ekki kollvarpað án mjög ríkra ástæðna,“ segir Jón Ríkharð.

Ná ekki arðseminni sem þarf

Jón Ríkharð bendir á að fyrirtæki sem beri jafnaðarverðskvöð geti í raun aðeins fjárfest af skynsemi á svæðum þar sem uppbygging er ódýr á hverja tengingu og þar með hagkvæm. Þéttbýli úti á landi er það svæði sem skemmst er komið á veg í ljósleiðaravæðingu, vegna þess að hátt hlutfall sérbýlis gerir ljósvæðingu þar dýra.

„Meðalkostnaðarverð á hverja tengingu í þéttbýli úti á landi er því hátt og Míla hefur innheimt hærra gjald á þessum svæðum til að ná arðsemi úr sínum fjárfestingum. Í breyttu umhverfi mun Míla ekki geta innheimt það gjald sem þarf til að ná arðsemi úr fjárfestingunum, þar sem tengingar eru dýrar og að auki myndi jafnaðarverð félagsins hækka, sem skerðir samkeppnishæfni á samkeppnissvæðum eins og höfuðborgarsvæðinu. Viða á þessum stöðum er ljósvæðing hafin og að auki á Míla mikið af innviðum sem geta nýst til að gera dýra uppbyggingu hagkvæmari.“

Míla mun því þurfa að leggja alla áherslu á hagkvæma uppbyggingu félagsins á höfuðborgarsvæðinu til að verja markaðshlutdeild á mikilvægasta markaðssvæðinu þar sem félagið er þegar að hluta komið í minnihluta, að sögn Jóns.

Verðlagning verði án kvaða

Uppbygging í dreifbýli hefur verið drifin áfram af ríkisstuðningi með verkefninu Ísland ljóstengt, sem færði ábyrgð á lagningu ljósleiðara í dreifbýli yfir á sveitarstjórnir. Þrátt fyrir það er arðsemi takmörkuð og rekstrarkostnaður hár.

Jón segir að meðaltengingin í dreifbýli kosti að meðaltali um eina og hálfa milljón, en hefðbundið mánaðargjald standi undir 250 þúsund króna fjárfestingu. Sum verkefni kosti á bilinu 2-3 milljónir króna á tengingu.

„Míla hefur tekið þátt í þessum verkefnum með fjölbáttum hætti og aðstoðað sveitarfélög í vanda um allt land. Við höfum lagt strengi, hannað kerfi og tengingar, lagt kerfi og keypt kerfi af sveitarfélögum sem ekki vilja eiga lögð kerfi. Mörg þessara verkefna hafa takmarkaða arðsemi og eru á svæðum sem enginn annar hefur sýnt áhuga. Við sáum þessi verkefni að vissu leyti sem samfélagslega skyldu, en í þessu breytta umhverfi verður okkur refsað fyrir að taka þátt í þeim,“ segir Jón.

„Fram til þessa hefur verðlagning ljósleiðara til heimila í dreifbýli verið án kvaða. Míla hefur tekið þátt í þessum verkefnum á þeim grunni og gert ráð fyrir að geta verðlagt heimtaugar þannig að verkefnin skili ásættanlegri arðsemi til langs tíma,“ segir Jón.

„Í breyttu umhverfi getur Míla ekki treyst á þá forsendu. Með því að setja óljóst verðþak á innheimtu gjalda, mun Míla þurfa að takmarka



Jón Ríkharð tók við sem framkvæmdastjóri Mílu fyrir fimm árum. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri hugbúnaðarinnar.

Hvað er Míla?

Míla er heildsölufyrirtæki í eigu Símans, sem á og rekur helstu fjarskiptainnviði landsins. Míla hefur sjálfstæða stjórn og starfar undir ströngum kvöðum bæði frá Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitinu vegna stöðu sinnar á markaði. Sjálfstæði Mílu er hluti af opinberum kvöðum svo fyrirtækið þjónar öllum fjarskiptafélögum jafnt og óháð eignarhaldi. Míla á og rekur svokallað

Ljósnet sem nær til um 96 prósenta heimila og fyrirtækja á landinu og býður allt að 100Mb/s tengingar á því. Einnig hefur fyrirtækið lagt ljósleiðara alla leið til um 60 prósenta heimila víðs vegar um landið og býður 1Gb/s internet-tengingar til þeirra. Samkvæmt tölfræði frá IDATE er Ísland það land í Evrópu þar sem hlutfallslega flestir nota ljósleiðaratengingar eða um 65 prósent allra heimila landsins.

Það eru ýmsar hugmyndir um Mílu og örugglega tækifæri fyrir Símann að endurskipuleggja sin fjármál í gegnum þessa eign sína.

verulega þátttöku sína í verkefnum í dreifbýli. Sé vilji til að lækka markaðshlutdeild Mílu eru þetta verkefni sem fara fyrst. Við munum upplýsa samstarfsaðila í svona verkefnum um að félagið verði að draga sig út úr þeim vegna forsendubrests sem fylgir nýjum reglum.“

Skortur á getu og þekkingu
Er niðurstaða PFS afleiðing af skorti á getu og þekkingu innan stofnunarinnar þegar kemur að greiningu á fjarskiptamarkaði?

Jón bendir á að markaðshlutdeild Mílu fyrir heimtaugar á landsvísu hafi lækkað úr 83 prósentum árið 2014 niður í 63 prósent árið 2020. Slik fækkun verður að teljast veruleg hjá innviðafyrirtæki sem fjárfestir til 30-40 ára.

„Og inni í okkar markaðshlutdeild er töluverður hluti gamla talsímakerfið sem er í raun verið að leggja niður. Þessar koparlínur eru til staðar en hafa litið hlutverk á markaðinum. Þær láta hins vegar markaðshlutdeildina okkar lita út fyrir að vera stærri en hún er í raun,“ segir Jón.

„Ég ræddi við erlendan sérfræðing á þessu sviði sem sagði að það væri ákveðin tilhneiging hjá eftirlitsstofnunum í smærri löndum, þar sem greiningargetan er takmörkuð, að leggja á sem mestar kvaðir til öryggis. Almennt hefur þróunin hins vegar verið í þá átt, sérstaklega í Evrópu, að minnka kvaðir og búa til umgjörð sem hvetur til fjárfestinga til þess að hægt sé að ná háleitum markmiðum um uppbyggingu háhraðaneta.“

Í andstöðu við stefnu stjórnvalda

Samkvæmt fjarskiptaáætlun stjórnvalda er stefnt að því að allt landið verði ljósleiðaravætt árið 2025. Auk þess hafa stjórnvöld markað stefnu um hagkvæma uppbyggingu fjarskiptainnviða sem felur í sér meira samstarf og samnýtingu innviða.

„Þessi markaðsgreining er í andstöðu við stefnu stjórnvalda og það liggur við að hún sé pólitísk. Þarna



Fyrirtækisins Men & Mice. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Má ekki gleyma að endurnýja „þjóðveg“ fjarskiptanna

Fjarskiptakerfið byggir á tveimur meginkerfum sem eru stofnnet og aðgangsnét. Stofnnetið byggir að mestu á ljósleiðurum en einnig á örbylgjusamböndum. Það nær til allra þéttbýliskjarna landsins og liggur hringinn um landið. Aðgangsnét, sem er stærsti hlutinn í starfsemi Milu, liggur síðan út frá stofnnetinu til heimila og fyrirtækja. „Stofnnetið er undirstaða fjarskipta á Íslandi og er stundum kallað grunnnetið. Fjarskiptainnviðir landsins eru heildstætt kerfi þar sem uppruni þjónustunnar er í Reykjavík. Fjarskiptakerfin eru viðkvæmari en flestir aðrir landsmikilvægir innviðir sem eru að einhverju leyti staðbundnir. Fjarskiptaöryggi byggir á því að engir hlekkir í keðjunni rofni og að til séu varaleiðir ef slíkt gerist,“ segir Jón. „Kjarni stofnfjarskiptakerfisins er 30 ára gamall og virkar ágæt-

lega en það er þörf á endurnýjun á næstu 20 árum eða svo. Það hefur að vissu leyti gleymst í átaksverkefnum ríkisins við uppbyggingu ljósleiðara í dreifbýli. Ég hef stundum sagt að ljósleiðaravæðingin sem stjórnvöld vinna að í dreifbýli, snúist um að malbika allar heimreiðar að bóndabæjum. Það má hins vegar ekki gleyma að halda við og endurnýja þjóðveg eitt.“ Með þátttöku Milu í verkefnum í dreifbýli hefur Míla skipulega reynt að draga úr þessum ágalla. Míla rekur einnig fjarskiptastaði út um land allt, alls á um 600 stöðum. Öryggi á fjarskipta-stöðum er mikilvægur hluti af fjarskiptaöryggi landsins og þar skiptir aðgengi að rafmagni miklu. „Í kjölfar óveðursins í desember var lagst í vinnu til að auka öryggi fjarskipta með því að auka varaafll á fjarskiptastöðum.

skiptainnviða og samstarf ekki náð í samkeppnisumhverfi þar sem annað fyrirtækið í mögulegu samstarfi ber þungar og kostnaðarsamar kvaðir en hitt fyrirtækið ekki. Míla er í stöðu til að byggja upp fjarskiptainnviði með hagkvæmum hætti, meðal annars vegna þess að fyrirtækið á innviði og framleiðsluþætti sem til þarf. En við getum ekki túlkad niðurstöður PFS öðruvísi en svo að ekki sé óskað eftir þátttöku

í óveðrinu hélst grunnkerfið inni en notendapjónusta var víða að detta út enda varaafll hennar oft minna. Það verða gerðar endurbætur á um 30 stöðum á landinu sem snúa að varaafli og rafmagnsöryggi fjarskipta. Þetta er stórt og mikilvægt samstarfsverkefni sem Míla og Neyðarlínan standa að með stuðningi ríkisins.“ Undanfarin ár hafa Míla og Neyðarlínan staðið í fjölmörgum verkefnum víða um land við að auka fjarskiptaöryggi og aðgengi að fjarskiptum, bæði með lagningu ljósleiðara á erfiða fjarskiptastaði og með uppbyggingu varaaflls. Þetta eru uppbyggingarverkefni sem snúa fyrst og fremst að því að tryggja öryggi fjarskipta úti á landi. „Okkur finnst því mjög sérstakt að fá þau skilaboð sem í nýrri markaðsgreiningu felast og hvetja okkur til að hverfa frá uppbyggingu úti á landi.“

okkar í því mikilvæga verkefni sem fram undan er.“

Sameining einfaldar tilveruna
Stóru fjarskiptafyrirtækin og Samtök iðnaðarins eru á meðal þeirra sem hafa kallað eftir því að Póst- og fjarskiptastofnun verði sameinuð Samkeppniseftirlitinu. Þannig sé unnt að tryggja skjótari meðferð mikilvægra mála. „Það myndi einfalda tilveruna ef

Við sem stöndum í dýrum langtíma-fjárfestingum í innviðum verðum að geta treyst því að forsendum fjárfestinga sé ekki kollvarpað án mjög ríkra ástæðna.

Þetta væri undir einum hatti,“ segir Jón Rikharð. „Að vissu leyti er PFS samkeppniseftirlit gagnvart fjarskiptamarkaðinum og þess vegna er ég ekki viss um hvort þörf sé á að vera með tvær stofnanir. Það getur skapast sú hættu að reglur og fyrirmæli annarrar stofnunarinnar stangist á við reglur og fyrirmæli hinnar.“ Í frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga er víkið að stofnanauppbyggingu eftirlitsyfirvalda á fjarskiptamarkaði en ekki er gert ráð fyrir breytingum á henni. Þannig segir í greinargerð með frumvarpinu að ekki sé tímabært að fella eftirlit með samkeppni á umræddum markaði undir almenn samkeppnislög.

Hár margfaldari á Milu
Eins og Markaðurinn hefur greint frá hafa erlendir framtakssjóðir, sem sérhæfa sig í fjárfestingum í fjarskiptainnviðum, þar á meðal ástralski sjóðurinn Macquire, sýnt Milu áhuga. Sjóðurinn hefur komið að kaupum á fjarskiptainnviðum í Evrópu á mjög háum hagnaðarmargfeldum – 15 til 20 sinnum EBITDA – en miðað við það væri hægt að áætla að virði Milu sé um 50 milljarðar, sem jafngildir markaðsvirði samstæðu Símans í dag. *Hefur þú orðið var við áhuga fjárfesta á Milu?*

„Það hefur verið skrifað um verðmæti Milu í fjölmiðlum og mögulegan áhuga fjárfesta á félaginu. Eftir því sem ég heyri er áhugi til staðar en ég hef ekki orðið var við hann með beinum hætti. Ég held að það sé ákveðin viðurkenning á að við séum að gera góða hluti og byggja upp verðmæta eign. En það er alfar-ið eigandans að ákveða hvort hann vilji selja þessa eign.“

Jón bendir á að rekstur Milu sé að ákveðnu leyti ólíkur rekstri Símans og honum svipi fremur til reksturs fasteignafélaga. Efnahagsreikningurinn sé stór, arðsemin stöðug og áhættan takmörkuð. Það leiði til þess að félögin séu verðmetin með ólíkum hætti.

„Þó nokkuð af fjármagni hefur áhuga á langtímafjárfestingu í innviðum þar sem arðsemin er stöðug og áhættan takmörkuð. Það er því rétt að það hefur verið hár EBITDA-margfaldari í verðmati á slíkum félögum. Erlendis má sjá EBITDA-margfaldara á innviðafélögum eins og Milu á ansi breiðu bili eftir því hversu langt þau eru komin í fjárfestingum sínum.“

Aðspurður segist hann ekki vita til þess að framkvæmt hafi verið sérstakt verðmat á Milu og stjórnendur félagsins hafi ekki verið beðnir um upplýsingar sem gætu verið notaðar í slíkt.

Markaðurinn hefur einnig greint frá því að fjárfestingafélagið Stodir, sem hóf að fjárfesta í Símanum vorið 2019 og varð fljótlega stærsti hluthafinn með um 14 prósentu hlut, horfi til þess að breyta fjármagnsskipan Símans. Þannig hafa verið uppi hugmyndir um fjármögnun á grunni Milu til að greiða niður óhagstæðari skuldir samstæðunnar.

Ýmsar hugmyndir um framtíð Milu
Á uppgjörsfundi Símans í október 2019 kom fram í máli Orra Hauks-sonar, forstjóra Símans, að hann „vildi örugglega gera einhverjar breytingar á fjármögnun [Símans] á næstu mánuðum“. Að sama skapi benti Orri á að félagið vildi áður sjá ýmislegt í umhverfi þess, meðal

annars tengt eignarhaldinu, komandi hluthafafundi og eins umræðu um hvernig eigi að samnýta innviði, „spilast út“. Það hefði áhrif á hvernig Síminn vildi koma á sem hagkvæm-astri fjármagnsskipan. Spurður hvort einhver hreyfing sé komin á þetta mál segist Jón ekki vita til þess og tekur hann fram að skýr skil séu á milli Milu og Símans. „Það eru ýmsar hugmyndir um Milu og örugglega tækifæri fyrir Símann til að endurskipuleggja sín fjármál í gegnum þessa eign sína. Hvort eitthvað slíkt verður gert er ákvörðun eigandans. Hlutverk okkar starfsmanna og stjórnar félagsins er að halda áfram að byggja upp öflugt og traust félag sem tryggir samfélagslega mikilvæga grunnþjónustu óháð eignarhaldi,“ segir Jón.

Opinn aðgangur stuðlar að hagkvæmni
Hvernig er samkeppnisumhverfið í uppbyggingu innviða?

„Við erum eina fyrirtækið sem þjónar öllu landinu. Önnur eru bundin við ákveðna landshluta. Gagnaveita Reykjavíkur, sem er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, hefur verið í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi svæðum. Starfsemi þeirra teygir sig nú út Reykjanesið, og til Borgarness og Selfoss. Á norðausturhorninu hefur Tengir lagt ljósleiðara í hátt í 10 þúsund heimili og síðan eru fyrirtæki eins og Snerpa á Vestfjörðum. Við höfum átt í góðu samstarfi við félög á borð við Tengi og Snerpu um að fá aðgang að ljósleiðara þeirra en við höfum ekki fengið aðgang að svörtum ljósleiðara Gagnaveitunnar.“

Hugtakið „svartur ljósleiðari“ er notað um hrá ljósleiðarasambönd án endabúnaðar eða annarrar þjónustu af hálfu þjónustusala. Milu er skylt að veita öðrum fyrirtækjum aðgang að sínu ljósleiðaraneti, en fyrirtækið hefur ekki fengið aðgang að neti Gagnaveitu Reykjavíkur sem hefur staðið í stórfelldri lagningu ljósleiðara á höfuðborgarsvæðinu ásamt Milu.

„Þú færð aðgang hjá þeim gegn því að kaupa ákveðna viðbótarþjónustu. Við höfum líkt þessu við að eiga bíl en þegar þú kemur að höfuðborgarsvæðinu þá þarftu að leggja honum og leigja bíl frá Gagnaveitunni. Þú mátt nota vegina þeirra en aðeins með bílunum þeirra. Gagnaveita Reykjavíkur kallar þetta alltaf opið net en það er ekki opið í hefðbundnum skilningi,“ segir Jón.

Ekki einsleitur markaður
Fer PFS of mjúkum höndum um Gagnaveitu Reykjavíkur?

„Ef PFS hefði skipt markaðinum upp í mismunandi markaðssvæði í staðinn fyrir að horfa á landið sem einsleitan markað, sem hann er alls ekki að okkar mati, þá hefði stofnunin sennilega þurft að leggja kvaðir á Gagnaveituna á höfuðborgarsvæðinu þar sem við erum með minni markaðshlutdeild. Önnur leið væri að fella niður kvaðir, að minnsta kosti hefði ekki verið réttlætanlegt að leggja einungis kvaðir á okkur,“ segir Jón.

Hann bendir á að erfitt sé að finna land þar sem jafn hátt hlutfall af ljósleiðaratengingum, hátt í 80 prósent, hafi verið byggt upp af tveimur fyrirtækjum. Samkeppni á íslenska markaðinum sé því mikil samanborið við markaði erlendis. Mikil tækifæri felist í því að skylda öll fyrirtæki til að veita aðgang að innviðum sínum.

„Fjarskipti á Íslandi eru að mörgu leiti erfið og dýr. Tengingar til útlanda eru dýrar, við erum fámenn á stóru landsvæði og veðurfarið hjálpar ekki. Ef við ætlum að ná markmiðinu um að hér sé sambærilegt verð á fjarskiptum og annars staðar þá verðum við að finna sniðugar og hagkvæmar lausnir. Míla hefur bent á að opinn aðgangur að svörtum ljósleiðara væri mikilvægt skref í hagkvæmri uppbyggingu. Það mun lágmarka óþarfar tvíþjárfestingar.“



Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður Fiskeldis Austfjarða.

Íslenskt fiskeldi metið á 21 milljarð króna

Fiskeldi Austfjarða stefnir á skráningu í Kauphöllina í Ósló. Samhliða á að safna um 300 milljónum norskra króna í hlutafé, jafnvirði um 4,3 milljarða íslenskra króna. Horft er til þess að markaðsvirði félagsins fyrir hlutafjárukninguna sé 1,5 milljarðar norskra króna, eða ríflega 21 milljarður íslenskra króna. Þetta kemur fram í tilkynningu til kauphallarinnar.

» Fiskeldi Austfjarða stefnir á skráningu í norsku kauphöllina. Safna á um fjórum milljörðum króna frá fjárfestum.

Nýta á fjármagnið til að fjárfesta í aukinni framleiðslugetu og greiða niður 89 milljóna norskra króna breytilegt skuldabréf, jafnvirði 1,3 milljarða íslenskra króna, frá aðaleigandanum. Sömu leiðis munu minni hluthafar selja hlut sinn við skráninguna á markað. Um er að ræða hliðarmarkað sem ber nafnið Merkur Market en þar eru kröfurnar til fyrirtækja minni.

Stærsti hluthafi Fiskeldis Austfjarða er norska fiskeldið NTS ASA sem skráð er á hlutabréfamarkaði í heimalandi sínu með 63 prósent hlut. Stærsti íslenski hluthafinn er Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður fiskeldisins, með 18 prósent hlut við árslok 2018 í gegnum félagið Eggjahvítu. Sá hlutur er metinn á 3,8 milljarða íslenskra króna, miðað við fyrrnefnt markaðsvirði.

Fram hafði komið í fréttum að auka átti hlutafé Fiskeldis Austfjarða. NTS ASA upplýsti við það tilefni að það myndi taka þátt í hlutafjárútbodinu, til að tryggja að það eigi meira en helming í fiskeldinu. Fyrir skráninguna á hlutabréfamarkað verður félagið Ice Fish Farm stofnað í Noregi og mun það eiga íslenska fyrirtækið. – hvj

Vilja endurnýjun í stjórn Eikar

Brimgarðar horfa til þess að ná fram endurnýjun í stjórn félagsins. Níu framboð umfram sitjandi stjórnarmenn en tilnefningarnefnd vill óbreytta stjórn. Flestir myndu draga framboð til baka án tilnefningar.

Fjárfestingafélagið Brimgarðar, stærsti hluthafi Eikar fasteignafélags, vill sjá endurnýjun í stjórn fasteignafélagsins, sem er nær óbreytt frá árinu 2016, á næsta aðalfundi þess í júní. Brimgarðar eru, samkvæmt heimildum Markaðarins, ósammála sjónarmiðum tilnefningarnefndar Eikar, sem hefur lagt til að stjórn félagsins verði óbreytt með vísun til mikilvægis stöðugleika í núverandi efnahagsaðstæðum, og vonast til að margfeldiskosning á fundinum auki líkur á endurnýjun stjórnar.

Stjórn Eikar barst í byrjun vikunnar krafa frá Brimgörðum, sem eiga 12,6 prósent hlut í fasteignafélaginu og hafa bætt verulega við hlut sinn frá áramótum, um að beitt yrði margfeldiskosningu við stjórnarkjörið, en fyrirkomulagið er til þess fallið að tryggja réttindi minnihlutans.

Fulltrúar Brimgarða, sem eru í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Eggerts Árna, Halldórs Páls og Gunnars Þórs Gíslabarna, hafa samkvæmt heimildum Markaðarins komið sjónarmiðum um endurnýjun stjórnar á framfæri við tilnefningarnefnd Eikar. Er fjárfestingafélagið sagt telja að þörf sé á meiri sérfræðipækkingu á skulda- bréfamarkaði í stjórn Eikar, þar sem rekstur félagsins byggir á góðri fjármögnun. Þá hefur nefndin verið hvött til að leita frambjóðenda sem búa yfir slíkri þekkingu.

Stöðugleiki vegur þungt

Í skýrslu tilnefningarnefndar fyrir aðalfund Eikar, sem verður haldinn 10. júní, er hins vegar mælt gegn því að breytingar verði á stjórn félagsins. „Er í því sambandi meðal annars litið til þess að efnahagsaðstæðum og öðru ytra umhverfi félagsins er þannig háttað, nú og í fyrirsjáanlegri framtíð, að stöðugleiki vegur þungt,“ segir í skýrslu nefndarinnar.

Núverandi stjórn Eikar er skipuð Eyjólfri Árna Rafnssyni stjórnarformanni, Guðrúnu Bergsteinsdóttur varaformanni, Örnunni Harðardóttur, Öglu Elísabetu Hendriksdóttur og Bjarna K. Þorvarðarsyni. Bjarni var kjörinn í stjórnina á síðasta ári, en að öðru leyti er stjórnin óbreytt frá árinu 2016. Guðrún var kjörin í stjórn árið 2016, Eyjólfur og Arna árið 2015 og Agla árið 2013. Engir stjórnarmenn Eikar eiga hlut í félaginu.



Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áhrif í samræmi við styrk

Þar sem krafa Brimgarða um margfeldiskosningu var send innan tilskilins frests og barst frá hluthafa sem hefur yfir að ráða meira en 1/50 hluta hlutafjár, verður margfeldiskosningu beitt á aðalfundinum.

Margfeldiskosning fer þannig fram að kosið er á milli einstaklinga. Gildi hvers atkvæðis er margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum, sem hann sjálfur kýs, á jafnmarga menn og kjósa skal

eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd, skal þeim skipt að jöfnu.

Þannig getur hver hluthafi aðeins nýtt sitt atkvæðavægi einu sinni, en ekki aftur og aftur. Í fimm manna stjórn getur frambjóðandi gengið að stjórnarsæti visu með stuðningi hluthafa sem ráða yfir 17 prósentum hlutafjárins, en hlutfallið veltur þó á mætingu hluthafa á fundinn. Minnihluta tekst þannig að hafa áhrif í samræmi við styrk sinn.

Fjórtni í framboði

Tilnefningarnefnd Eikar bærust 14 framboð innan framboðsfrests og þar af frá öllum fimm sitjandi stjórnarmönnum. Af þeim níu einstaklingum sem buðu sig fram til stjórnar, umfram sitjandi stjórnarmenn, svöruðu flestir því til á fundi með nefndinni að þeir myndu draga framboð sitt til baka ef þeir væru ekki tilnefndir til stjórnarsetu. Ekki er ráðgert að nefndin fjalli um ný framboð en fresturinn rennur út fimm dögum fyrir aðalfundinn.

Brimgarðar hafa bætt verulega við eignarhlut sinn í Eik frá áramótum þegar hann nam 7,5 prósentum. Eignarhlutur fjárfestingafélagsins hefur aukist um 5,1 prósent sem jafngildir um 1,3 milljörðum króna miðað við núverandi markaðsvirði

» Af þeim níu einstaklingum sem buðu sig fram til stjórnar, umfram sitjandi stjórnarmenn, svöruðu flestir því til á fundi með nefndinni að þeir myndu draga framboð sitt til baka ef þeir væru ekki tilnefndir til stjórnarsetu.

Eikar. Á sama tíma hafa Brimgarðar minnkað við sig í Regin og Reitum. Þannig hefur eignarhlutur fjárfestingafélagsins í Regin lækkað úr 2,77 prósentum niður í 1,89 prósent frá áramótum og í Reitum hefur hlutur félagsins lækkað úr 2,4 prósentum í 2,15 prósent.

Lýstu yfir áhyggjum af endurnýjun í stjórn

Á hluthafafundum Eikar og Reita árið 2018, þegar tilnefningarnefndum var komið á fót í báðum félögum, komu fulltrúar Brimgarða þeim sjónarmiðum á framfæri að fyrirkomulagið myndi gera endurnýjun í stjórn erfða. Það gæti dregið úr vilja frambjóðenda sem eru hæfir.

Fulltrúi Brimgarða beindi því til stjórnar Eikar að reglunum yrði breytt þannig að hámarks lengd væri á setu hvers stjórnarmanns og að sjálfkrafa yrði gripið til margfeldiskosninga. Þessar tillögur væru til þess fallnar að auka endurnýjun og veita þeim sem eru á móti niðurstöðum tilnefningarnefnda tækifæri til að hafa áhrif á samsetningu stjórnar. thorsteinn@frettabladid.is

VIÐ ERUM TIL STAÐAR FYRIR ÞIG

Hjá fyrirtækjapjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstrar- og skrifstofuvörum. Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



A4

Pipar\TBWA lét birtingahús bjóða í markaðsátak

Auglýsingastofan Pipar\TBWA, sem hreppti annað sætið í útboði sem stjórnvöld efndu til vegna landkynningar í því skyni að laða að erlenda ferðamenn, lét birtingahús á sínum vegum annast umsóknina. Útboðið sneri að hugmyndavinnu og stefnumótun, almannatengslum og hönnun og framleiðslu markaðsefnis. Birtingar voru ekki hluti af útboðinu. Síðar verður sá hluti átaksins boðinn út fyrir 1,2 milljarða króna.

Íslandsstofa mun verja 300 milljónum króna í auglýsingaherferðina sem M&C Saatchi og íslenska auglýsingastofan Peel munu vinna. Athygli vekur að á meðal skilyrða til að taka þátt í útboðinu, er 15 milljónir króna í hreinu veltufé. Er það gert til að tryggja að sá sem annast verkefnið geti komið því í höfn.

Árið 2018, sem nýjasti opinberi ársreikningur Pipars\TBWA vitnar um, var eigið fé auglýsingastofunnar neikvætt um 83 milljónir króna. Aftur á móti var eigið fé birtingahússins Pipar Media 79 milljónir króna árið 2019, samkvæmt ársreikningi. Guðmundur Hrafn Pálsson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar, segir að á árinu 2019 hafi eigið fé auglýsingastofunnar verið „núll í raun og veru“, því síðastliðið ár hafi verið gott.

Hann segir að stjórnendum stofunnar hafi þótt hreinlegast að birtingahúsið Pipar Media myndi taka þátt í útboðinu. Í framhaldinu sé stefnt að því taka þátt í útboðinu er varðar birtingar og komi til þess að Pipar\TBWA yrði hlutskörpust yrdi



Guðmundur Pálsson sagði að það væri hreinlega að birtingahúsið myndi taka þátt í útboðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Eigið fé auglýsingastofunnar Pipars\TBWA var í kringum núllið við áramót. Á meðal skilyrða í útboði Íslandsstofu var að hreint veltufé væri 15 milljónir.

verkefnið allt á sama stað. „Það var hugsunin,“ segir hann.

Að hans sögn samanstendur Pipar\TBWA af þremur fyrirtækjum. Auglýsingastofunni Pipar\TBWA, birtingahúsinu Pipar Media og stafræna markaðsfyrirtækinu The Engine. Verkefnin myndu flæða á milli fyrirtækjanna.

Guðmundur og Valgeir Magnússon, stjórnarformaður auglýsingastofunnar, hafa verið áberandi í fjölmiðlum og verið óánægðir með

að erlent fyrirtæki hafi orðið hlutskarpast í útboðinu. Íslenskt fagfólk hafi misst tækifæri á að auka við færni sína í alþjóðaverkefni af þessari stærðargráðu.

Pipar Media hefur kært útboðið, meðal annars vegna þess að stjórnendur M&C Saatchi hafi viðurkennt bókhaldsbrot. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst, var um að ræða dótturfélög í löndum sem munu ekki koma að umræddri vinnu. helgivifill@frettabladid.is

Veltutengingin mest hjá Regn

Mögulega eru leigusamningar Regins í meiri mæli tengdir veltu en hjá Eik og Reitum, að því er fram kemur í verðmati Capacent. Tekjusaldráttur Regins var mestur af fasteignafélögunum eða sjónarmun meiri en hjá Reitum. Engu að síður er vægi hótela og veitingastaða í eignasafninu mun meira hjá Reitum.

„Tekjur af verslunarhúsnæði, veitingastöðum og hótélrekstri geta oft verið veltutengdar. Tekjur leigusala sveiflast því meira eftir velgengni leigutaka og eftir aðstæðum í efnahagslífinu,“ segir í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Áhrif COVID-faraldursins á uppgjör fasteignafélaganna á fyrsta ársfjórðungi 2020 voru lítil. Tekjur Regins stóðu nærri í stað á milli fyrsta ársfjórðungs 2020 og 2019 og var raunsamdráttur í tekjum upp á rúmlega tvö prósent. Þetta er svipuð þróun og hjá Reitum en hins vegar jukust leigutekjur Eikar að raunvirði.

Á móti vegi, segir Capacent, að nýting leiguhúsnæðis Regins sé mjög góð og óbreytt milli ársfjórðunga eða 97 prósent. Vannýting leigueigna hafi aukist hjá hinum fasteignafélögunum. „Reginn hefur því betur gengið að halda í kúnnna, hugsanlega með auknu vægi veltutengdrar leigu,“ segir í verðmatinu.

Capacent segir að öllum fasteignafélögunum hafi gengið illa að velta hækkun fasteignagjalda út í verðlag. – hvj

Tækifæri í atvinnuhúsnæði

Borg fasteignasala statar af reynslumiklu teymi löggiltra fasteignasala og leigumiðlara sem aðstoða þig við kaup, sölu og leigu atvinnuhúsnæðis.

Hafðu samband, saman finnum við það sem hentar þér og þinni starfsemi.

BORG

ATVINNUHÚSNÆÐI

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS

Til leigu - bókið skoðun

Skipholt 23 **105 Reykjavík**

Málmsteypuhúsið, 2. og 3. hæð, leigjast saman eða hvor í sínu lagi

2. hæð: rúmgóð með stórum gluggum, hæðin er um 200 fm

3. hæð: ris undir súð með nýjum þakgluggum, 200 fm gólfhlötur

Gunnlaugur lögg. fasteignasali 844 6447 gunnlaugur@fastborg.is

Úlfar lögg. fasteignasali 788 9030 ulfar@fastborg.is

Til sölu eða leigu - bókið skoðun

Skemmuvegur 20 **200 Kópavogur**

Laust strax | Húsnæði er allt á einni hæð

Skiptist í vinnusal með tveimur innkeyrsluhurðum

Góð lofthæð | Salerni með búningsskápum og kaffistofa

Rúmgóð skrifstofa í bakhluta | Steypt bílaplan með hita

Brandur lögg. fasteignasali 897 1401 brandur@fastborg.is

Til sölu - bókið skoðun

Ægisgata 7 **101 Reykjavík**

Birt stærð samtals 1.429 fm

Heil húseign, kjallari og fjórar hæðir

Reisulegt og flott hús

Býður upp á mikla möguleika

Guðrún lögg. fasteignasali 621 2020 gudrun@fastborg.is

Afnám haftanna: Allir vildu Lilju kveðið hafa



Sigurður Már Jónsson
ríthöfundur og
blaðamaður

Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, gerir bók mína, *Afnám haftanna – Samningar aldarinnar?* að umtalsefni í heilsíðugrein hér í Markaðnum í síðustu viku. Helsta athugasemd Mús er sú að í bókinni komi ekki fram fullnægjandi útlistun á því hvers konar samvinnuverkefni haftaafnámið hafi verið og því hafi þeir ekki fengið heiðurinn sem þeim bar, þ.e. hann og starfsmenn Seðlabankans.

Um leið tínir hann til nokkur atriði sem hann telur að annaðhvort byggi á rangfærslum eða að um rangar lýsingar sé að ræða. Ég mun fara yfir þau atriði sem hann gerir sérstaka athugasemd við og ræða síðan almennar athugasemdir hans við bókina.

Heiður þess sem heiður ber

Már Guðmundsson fjallar talsvert um aðgerðirnar í kringum 12. mars 2012 þegar slitabúin voru með lögum sett undir fjármagnshöftin eins og rakið er nokkuð ítarlega í bók minni. Við erum sammála um mikilvægi þessa skrefs og ég tel bókina varpa góðu ljósi á sjónarmiðin sem þar voru uppi.

Athugasemdir Mús snúa, að því að ég best fæ séð, einkum að því að ekki hafi verið gert nóg úr þætti starfsmanna Seðlabankans og þá um leið hans sjálfs, að ákvarðanir Seðlabankans hafi byggst á greiningarvinnu starfsmanna bankans og frumkvæðið sé þaðan. Ég tel það ekki með öllu rétt en auðvitað er það matsatriði. Í bókinni er bent á að Seðlabankinn hafi ekki að fullu áttað sig á alvöru málsins fyrr en ábendingar þar um fóru að berast til hans, meðal annars frá Heiðari Guðjónssyni fjárfesti og fleirum.

Þessu svarar Már ekki en segir að fullyrðingar mínar þar um stangist á við það sem segir annars staðar í bókinni um að Seðlabankinn hafi seint og illa áttað sig á þeim greiðslufnaðarvanda sem var í kerfinu og ógnaði þjóðargjaldmiðlinum. Þetta fær ekki staðist en í grein Mús kemur einmitt fram að Hörður Ægisson, viðskiptaritstjóri Markaðarins og sá viðskiptablaðamaður landsins sem best þekkir haftamálið, er sammála mér um það að bankinn hafi verið tvístigandi og að hvorki hafi verið einhugur innan bankans um greiningu né aðgerðir.

Það er þakkarvert hjá Má að draga athyglina að atburðarásinni í kringum breytingarnar á lögum um fjármagnshöftin 12. mars 2012. Augljóslega ríkti ringulreið í þinginu á meðal stjórnarlíða, sem höfðu forræði á málinu og eins og rakið er í bókinni. Gera má alvarlegar athugasemdir við aðgang þeirra, sem ráku hagsmunabaráttu kröfuhafa á þessum tíma, að störfum löggjafans.

Ekki síður má gera alvarlegar athugasemdir við náinn aðgang kröfuhafa að embættismönnum Seðlabankans. Um hvort tveggja hefði verið hægt að fjalla nánar en gert var, en bókinni var ætlað að rekja söguna í heild sinni. Í samhenginu held ég að seðlabankamenn geti ekki kvartað eins og eftirfarandi tilvitnun sýnir: „Forsvarsmenn Seðlabankans höfðu að sönnu einnig haft frumkvæði að því að setja slitabúin undir fjármagnshöftin í mars 2012. Sú lagasetning tryggði vígstöðu íslenskra yfirvalda.“ (bls. 156).



Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason, varaformenn framkvæmdahóps stjórnvalda um losun fjármagnshafta. FRÉTTABLAÐID/GVA

Niðurstaða mín er að Bingó-áætlunin hafi borið keim af örvæntingu, hún hafi verið illa ígrunduð og íslenskir skattgreiðendur geta seint þakkað nóg fyrir að ekki var ráðist í hana.

Sigurður Már Jónsson

Már fjallar um breytingu sem gerð var á valdsviði Seðlabankans. Þar segir hann: „Það var önnur laga-breyting sem gerð varð í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur sem hafði töluverð áhrif á vinnulag í framhaldinu. Eftir því sem ég fæ best séð er hvergi minnst á hana í bók Sigurðar Mús. Hún fólst í því að undanþágur yfir ákveðinni stærð til búa fallinna banka þyrftu staðfestingu ráðherra.“ Þetta er ekki rétt hjá honum. Í neðanmálsgrein á bls. 92 er greint frá þessari breytingu sem fékk sannarlega marga til að sofa betur, þar sem Seðlabankinn gat þá ekki lengur upp á sitt einsdæmi afgreitt undanþágur frá fjármagnshöftunum.

Bingó-áætlunin

Már Guðmundsson víkur sérstaklega að þeim aðgerðum sem Seðlabankinn hugðist grípa til rétt fyrir alþingiskosningarnar 2013. Már segir að þær hafi verið skoðaðar sem möguleg lausn og þótt gagnlegt innlegg til að ræða út frá. Tími til útfærslu og framkvæmda hafi hins vegar verið runninn út.

Um þetta er sérstaklega fjallað í bók minni í kaflanum „Bingó-áætlunin“. Þar er aðgerðin útlistuð og þó að Már kjósi að gera lítið úr henni núna verður ekki séð annað en að stjórnvöldum á þeim tíma hafi verið full alvara með hana. Það undarlega er að með þetta var þukrast eins og svo margt annað á þessum árum og fréttir bárust ekki af þessu fyrr en eftir stjórnarskiptin næsta haust



Sigurður Már Jónsson er höfundur bókarinnar Afnám haftanna – Samningar aldarinnar?

þegar fjölmiðlar greindu frá.

Niðurstaða mín er að Bingó-áætlunin hafi borið keim af örvæntingu, hún hafi verið illa ígrunduð og íslenskir skattgreiðendur geta seint þakkað nóg fyrir að ekki var ráðist í hana. Því miður var hún einnig vitnisburður um vinnubrögð í Seðlabankanum undir stjórn Mús. Það var engin heildstæð áætlun til og öll undirbúningsvinna og greining í skötulíki.

Már gerir Landsbankaskulda-bréfið svokallaða einnig að umtalsefni. Ég fæ ekki betur séð en að við séum alveg sammála um að við afgreiðslu þess hafi mistök verið gerð. Við erum líka sammála um að þau mistök voru blessunarlega ekki endurtekin þegar kom að losun fjármagnshafta á slitabú árið 2015. Einnig vekur athygli að um mistökin við gerð Landsbanka-

skuldabréfsins hefur ekki mikið verið fjallað fyrr en nú með bókinni en skuldabréfið hafði talsverð veikingaráhrif á gengi krónunnar hér á landi. Hver innan stjórnsýslunnar skyldi vilja skoða það?

Kostnaðarsöm töf

Már gerir athugasemd við að í bók mína vanti að gera grein fyrir þeirri miklu vinnu sem unnin var í Seðlabankanum við frágang nauðasamninganna seinni hluta árs 2015. Fyrir vikið hafi fjöldi starfsmanna þar vart tekið sumarleyfi. Sjálfur hafi hann gengið á undan með góðu forðæmi og einungis tekið 13,5 daga í sumarfrí. Hann tekur fram að hann vilji segja þessa sögu betur síðar og hvet ég hann eindregið til þess.

Ein alvarlegasta gagnrýnin á Seðlabankann í bók minni beinist að vinnunni sem átti að inna af

hendi eftir að stöðugleikaskilyrðin lágu fyrir og tengist ákvörðun bankans að fresta því að halda gjaldeyrisuppböð. Sú ákvörðun, að vikja frá áætluninni um afnám hafta og halda ekki gjaldeyrisuppböð áður en nauðasamningarnir kláruðust, kostaði skattgreiðendur á endanum tugi milljarða króna.

Þetta var óskiljanlegt, því að Seðlabankinn hafði margoft haldið sambærileg gjaldeyrisuppböð en undirbúningur útboðsins tók heilt ár frá kynningarfundi. Sá undirbúningur hefði léttilega getað tekið minni tíma, ekki síst þar sem framkvæmdahópurinn hafði fengið einn helsta sérfræðing heims í útboðum að verkefninu, dr. Paul Klemperer, prófessor í hagfræði við Oxford-háskóla, en hann hefur veitt mörgum ríkjum ráðgjöf við framkvæmd stórra útboða. Í grein sinni svarar Már engu um þetta, en fróðlegt væri að fá greinargóð svör.

Í Afnámi haftanna – samningum aldarinnar? er rakin sú saga er leiddi til afnáms hafta hér á landi. Þetta var ekki einfalt ferli og ólík sjónarmið og ólíkir hagsmunir tókust á öll þau ár sem höftin stóðu. Már getur nokkurra atvika sem hann telur að hafi skipt máli og hefði mátt geta í bók minni.

Við gerð bókarinnar var rætt við tugi manna, vísað er í hundruð heimilda, blaðagreinar, opinbera umfjöllun, viðtöl og skýrslur. Rætt var við alla helstu leikendur sem komu að samningunum við kröfuhafana. Alltaf má gera betur en það breytir ekki heildarmyndinni. Höftin voru ekki leyst fyrr en skýr pólitísk sýn kom á málið um leið og réttar og nákvæmar greiningar lágu fyrir. Um leið voru komnir að málinu einstaklingar sem höfðu bæði getu og sýn til að nýta það umboð sem þeim var veitt til að leysa úr málinu.

Við Íslendingar getum þakkað þessum einstaklingum fyrir það hve fjárhagsstaða ríkissjóðs gerbreyttist í kjölfarið. Ómögulegt er að meta til fullnustu hvað aðrar útfærslur og aðrar leiðir hefðu fært okkur en færa má sannfærandi rök fyrir því að niðurstaðan hefði orðið allt önnur og miklu óhagstæðari.

Gæti hugsað sér að vera galleríeigandi

Svipmynd

Tanya Zharov

Nám:
Stúdent frá MR
Cand. Juris frá Háskóla Íslands

Störf:
Skattalögfræðingur og meðeigandi hjá PricewaterhouseCoopers 1996–1998.
Lögfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu 1999–2007.
Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Auðar Capital og síðar Virðingar 2008–2015.
Aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar 2016–maí 2020.
Aðstoðarforstjóri Alvotech frá 18. maí.
Er stjórnarformaður Íslandssjóða og varaformaður stjórnar Sýnar og hef verið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í gegnum árin, t.d. ORF líftækni og Carbon Recycling.

Fjölskylduhagir:
Gift Lárusi Jóhannessyni og við eigum þrjú börn, 13–19 ára.

Tanya Zharov var nýlega ráðin aðstoðarforstjóri lyfjafyrirtækisins Alvotech. Tanya mun meðal annars leiða starfsþróunar- og mannauðsmál Alvotech og mun vinna náið með framkvæmdastjórn fyrirtækisins í áframhaldandi uppbyggingu þess á alþjóðavísu.

Tanya er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og á að baki farsælan feril sem stjórnandi og stjórnarmaður í íslenskum fyrirtækjum. Nú síðast starfaði hún sem aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar í fjögur ár, var stofnandi og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Auðar Capital og fyrrverandi meðeigandi og skattaráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers.

Hvernig finnst þér best að verja frístundum þínum?

Eyða tíma með fjölskyldu og vinum, ferðast, fara í göngutúra, fara á tónleika og sýningar og lesa bækur.

Hvað er mest krefjandi í starfinu?

Akkúrat núna er mest krefjandi það sem er líka mest gaman, að kynnst öllu nýju, bæði fólki og hugmyndum, sem er það skemmtilegasta sem ég geri.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Úr því að ég neyðist til að nefna bara eina, þá er ég enn þá oft að vitna í ævisögu Madeleine Albright, Madame Secretary, sem átti bæði skemmtilega upprunasögu, var frá Tékklandi, en varð síðan utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Hún segir skemmtilega frá því hvernig hægt er að vinna úr erfiðleikum og jafnvel kalla þá heppni þegar frá líður.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Ég bara hef ekki hugmynd um það. Vonandi að byggja eitthvað spennandi upp með skemmtilegu og kláru fólki og að heimsækja nýja staði.

Hvernig er rekstrarumhverfið að



Tanya segist oft vitna í ævisögu Madeleine Albright sem er frá Tékklandi en varð síðan utanríkisráðherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

taka breytingum og hvaða tækifæri felast í breytingunum?

Síðustu vikur og mánuðir hafa ýtt afstað ýmsum jákvæðum breytingum í samskiptum og alþjóðaviðskiptum – sem ég held að við munum búa að til frambúðar. Heil

brigðisgeirinn hefur þjónað mikilvægu hlutverki á tímum heimsfaraldurs og við erum að sjá talsverða aukningu á heimsvisu í fjárfestingum í hátæknifyrirtækjum og lyfjafyrirtækjum. Þá höfum við sem einstaklingar flest eytt auknum

Akkúrat núna er mest krefjandi það sem er líka mest gaman, að kynnst öllu nýju, bæði fólki og hugmyndum.

tíma í að vinna heiman að og við höfum með ógnarhraða þurft að taka í notkun nýjar lausnir í vinnu og einkalífi til að aðlagast okkur að ástandinu. Úr þessu koma örugglega ýmis tækifæri til varanlegra breytinga.

Hvað felst í nýja starfinu?

Taka þátt í Alvotech-uppbyggingarævintýrinu í hátæknisetri fyrirtækisins í Vatnsmýrinni og á alþjóðavísu, verða að liði í að halda áfram að byggja ofan á það frábæra starf sem þar hefur verið unnið nú þegar. Ótrúlega gaman að fá að þróa og efla hátækniðnað hér á landi sem skapar spennandi störf og framtíðarútflutningstekjur.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Hjá mér er það að setja mig inn í heim framleiðslu og þróunar á líftæknilyfjum og svo er ég að æfa mig að segja orðið: líftæknihliðstæðulyf.

Eff þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég myndi verða galleríeigandi.

Hvernig stjórnunarstíl hefurðu tileinkað þér?

Ég reyni að gera mitt besta.

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



Skotsilfur



Þegar úrelt?

Icelandair, undir stjórn **Boga Nils Bogasonar**, hefur náð langtíma-samningum við flugmenn og flugvirkja en félagið kappkostar að ná yfir 20 prósentu hagræðingu í launakostnaði. Það er forsenda fyrir samkeppnishæfni félagsins að mati stjórnendanna. Fjárfestar hljóta þó að spyrja hvort hagræðingin sé nú þegar orðin úrelt miðað við gang mála hjá helstu keppinautum. British Airways hefur þannig ákveðið að reka og endur-ráða þúsundir fluglíða svo unnt sé að lækka laun þeirra um helming. Ekki er útilokað að Icelandair verði áfram með ein hæstu launin í brans-anum þegar upp er staðið.



Fordæmingin

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, þurfti að draga í land með full-yrðingar um Play eftir heimsókn til félagsins. Í kjölfarið fór hann fögrum orðum um umfang starfseminnar, metnað stjórnenda og kjörin sem félagsmenn VR eru á hjá Play. Ljóst er að Play hefur náð samningum við flugmenn og fluglíða sem felur í sér mun lægri laun og mun meira vinnuframlag en hjá Icelandair. Það skýtur því skökku við að formaðurinn skuli styðja flugfélag sem hefur náð að þrýsta niður launum með slíkum hætti en á sama tíma hóta öllu illu þegar Icelandair reynir að knýja fram hagræðingu á launakostnaði.



Skortseldi bankana

Nicolai Tangen, verðandi forstjóri Norska olíusjóðs-ins, á það sam-eiginlegt með sjóðnum að hafa skortselt íslensku bankana fyrir hrún. Forsvarsmenn Kaupþings sökuðu vogunarsjóð Tangens, Ako Capital, og fleiri um að bera út neikvæðar fréttir um Ísland þannig að þeir gætu hagnast á skortsólu í bönkunum. Olíusjóðurinn hefur beitt sér með æ virkari hætti í fjárfestingum sínum og má búast við að undir forystu vogunar-sjóðsstjórans muni hann gera sig enn meira gildandi.



Líf að færast í flugvelli á ný



Frá flugvellingum í kinversku borginni Wuhan. Enn eru í gildi strangar takmarkanir á millilandaflugi til og frá Kína en innanlandsflug er hins vegar hafið á nýjan leik við ágætari viðtökur heimamanna. Fjölmörg ríki undirbúa nú að aflétta takmörkunum á ferðalögum, í varfærum skrefum þó, í þeirri von að blása lífi í efnahag sinn. Eru vonir bundnar að landamæri víða í Evrópu verði opnuð um miðjan næsta mánuð. MYND/GETTY

Vaxtasloppurinn kvaddur



Agnar Tómas Möller
forstöðumaður
skuldabréfa hjá
Júpiter

Ö hætt er að segja að vatnaskil hafi orðið í íslensku efnahagslífi þegar Seðlabanki Íslands lækkaði megin-vexti sína úr 1,75% í 1,0% í síðastlið-inni viku. Þá var framsýn leiðsögn seðlabankastjóra í kjölfarið mjög skýr: Seðlabankinn mun leggja af fullum krafti við að ýta hagkerfinu upp úr djúpum hjólförnunum með peningastefnu sem nú í fyrsta skipti fetar svipaðar slóðir og hjá vestrænum ríkjum með svipað láns hæfi og hið íslenska.

Íslenskt vaxtastig hefur verið hátt síðasta hálfa áratuginn – raun-stýrivextir hafa hér verið á bilinu 1,5 til 4,5% mest af tímabilinu á meðan þeir hafa verið neikvæðir í flestum öðrum vestrænum ríkjum. Ástæður þess hafa verið mun meiri hagræðingur hér en í nágrannalöndum

og nokkuð óstöðugar verðbólgu-væntingar, en einnig hefur lítil verðbólga komið mörgum á óvart, þar með talið Seðlabankanum. Íslenskir fjármagnseigendur hafa því verið vel haldnir og getað hallað sér aftur á innlánsreikningum og notið áhættulausrar raunavöxtunar sem þótt hefur öfundsverð í öllum vestrænum hagkerfum. Í gamni hefur verið talað um að klæðast „vaxtasloppnum“ í þeirri merkingu að óþarfi sé að fara í vinnuna þegar vextirnir sjá um það fyrir þig.

Vaxandi vaxtamunur

Þótt meginvextir Seðlabankans hafi lækkað umtalsvert hefur bankinn lýst áhyggjum sínum af því að lækkan vaxta skili sér ekki nægilega í útlánavöxtum fyrirtækja. Í nýútgefnum Peningamálum kemur fram að vaxtaálag á útlánum til fyrirtækja hefur hækkað á einu ári úr um 2,5% í 5,5%. Bankinn hefur bent á að viðskiptabankarnir hafi líklega lánað á of lágum vöxtum undanfarnin ár með tilliti til kostnaðar og áhættu og það sé að leiðrættast nú. Að hluta til er það rétt skýring en á móti má benda á að á sama tíma hefur vaxtaálag bandarískra fyrirtækjaskuldabréfa í fjárfestingarflokki tvöfaldast, úr 1,3%

í 2,6%, og álag hávaxtaskuldabréfa hefur einnig tvöfaldast, úr 3,5% í 7%, á einu ári, þrátt fyrir kröftugar aðgerðir bandaríska seðlabankans. Hækkun álagsins hér heima endurspeglar því einnig aukna útlána-áhættu sem er eðlilegt í svo djúpum efnahagssamdrætti.

Hlutfallsleg lækkan vaxtastigs á Íslandi á þessu ári er meiri en í flestum samanburðarlöndum á sama tíma og skuldsetning ríkissjóðs vegna faraldursins er mjög víðráðanleg. Því ættu áhrifin að verða meiri af lækkan vöxtum hér en víða annars staðar. Þótt lágir vextir minnki vaxtamun bankanna, styðja þeir við eignaverð og auðvelda skuldurum við að greiða af lánum sínum, sem ætti að hjálpa bönkunum að ná vopnum sínum á ný. Nýleg rannsókn Evrópska seðlabankans bendir til að neikvæðir vextir hafi í heildina ekki haft neikvæð áhrif á evrópska banka með því að ýta undir eignaverð, draga úr hættu á vanskilum og örva útlánavöxt. Íslenskir bankar ættu því ekki að örvænta þótt vextir lækki.

Áhrif vaxtalækkana og aðgerða Seðlabankans

Stytting innlána í Seðlabankanum, magnbundin íhlutun styttri ríkis-

bréfa og greið lausafjárþyrirgreiðsla gegn veðtryggðum lánum ætti að binda styttri enda vaxtakúrfunnar við meginvexti bankans og ýta því gríðarmikla fjármagni í kerfinu sem situr í dag í innlánum, upp ávöxtunarkúrfuna og í áhættusamari fjárfestingar. Við slík skilyrði ætti samkeppni banka, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta um lánveitingar til traustra lántaka að aukast og vaxtaalög því að minnka samhliða. Það ætti að geta stutt verulega við efnahagsbatann á næstu misserum.

En eru lágir vextir tímabundið ástand? Ef efnahagsfallið verður þyngra og slakinn meiri en Seðlabankinn spáir, er líklegt að vextir lækki enn frekar. Ef ferðabjónustan nær sér hins vegar fyrir á strik þá er engu að síður líklegt að mikill slaki verði áfram á vinnumarkaði en aukin bjartsýni og gjaldeyrisinnflæði væri líklegt til að styðja við krónuna – raungengi krónunnar er í dag á svipuðum stað og þegar vöxtur ferðabjónustunnar hófst 2015. Í öllu falli munu kraftar verðhjöðunar vegna áfram þungt en í dag gerir spá Seðlabankans ráð fyrir að verðbólga í árslok 2021 verði 1,4%, miðað við nokkuð veikara gengi krónu en í dag. Vaxtasloppurinn mun því líklega hanga inni í skáp eitthvað um sinn.

Vinnumarkaður á tímum COVID



Bergþóra Baldursdóttir
hagfræðingur
í Greiningu
Íslandsbanka

Hraður vöxtur ferðabjónustunnar er ein helsta ástæða þess að endurreisn efnahagslífsins í kjölfar hrunsins tókst eins vel og raun bar vitni. Íslenski vinnumarkaðurinn, sem talinn er mjög sveigjanlegur í alþjóðlegum

samanburði, hefur þar leikið lykilhlutverk.

Við í Greiningu spáum því að samdráttur í landsframleiðslu verði 9,2% á þessu ári og skammtimahorfur á vinnumarkaði eru afar dökkar. Stjórnvöld hafa gripið inn í með áður óþekktum hætti til að sporna gegn gjaldþrotum fyrirtækja og stórauðnu atvinnuleysi en skellurinn verður samt sem áður umtalsverður.

Skammtimahorfur dökkar

Síðastliðin fjögur ár hefur atvinnuleysi hér mælt að meðaltali 3%, sem er afar lágt í alþjóðlegum

samanburði. Til að mynda var atvinnuleysi að jafnaði 5,4% árið 2019 meðal OECD-ríkja. Tiðindi af atvinnuleysi í apríl eru því nokkuð sláandi en það mældist 7,5% í almenna bótakerfinu og 10,3% vegna hlutabótaleiðarinnar.

Það stefnir allt í að atvinnuleysi verði meira hér á landi en við höfum vanist undanfarna áratugi. Í nýrri þjóðhagsspá spáum við að atvinnuleysi verði að meðaltali 9,6% á þessu ári án hlutabótaleiðarinnar, en til samanburðar fór atvinnuleysi í hrúninu hæst í 7,6% árið 2010. Við gerum ráð fyrir að atvinnuleysi mælist þegar mest

verður 13% um mitt ár en taki að hjaðna þegar líða tekur á árið. Munurinn á þessu atvinnuleysi og til dæmis í hrúninu er þó að nú liggja flest störf í dvala. Þegar hagkerfið réttir úr kútnum verða mörg þessara starfa vonandi enn til staðar og hægt verður að ganga í þau að nýju með tiltölulega skömmum fyrirvara.

Skammvinn kreppa?

Ljóst er að hagkerfið verður fyrir hörðum skelli og eins er óljóst hve hraður efnahagsbatinn verður. Hins vegar eru fjölmargar ástæður til bjartsýni og ýmsar stöðir hag-

kerfisins standa mun styrkari stöðum nú en við síðasta áfall. Sveigjanlegur vinnumarkaður hefur áður leikið lykhlutverk við að rífa atvinnulífið á lappirnar og ef vel er haldið á spilunum ætti það að vera vel raunhæft aftur.

Verði faraldurinn í rénun um mitt ár gæti atvinnuleysi minnkað talsvert strax á næsta ári og árið 2022 komist á svipaðar slóðir og fyrir COVID.

Nú er bara að vona að veiran gangi hratt niður svo hjól atvinnulífsins taki að snúast á ný, fyrst og fremst svo vinnandi fólk geti haft í sig og á.

Dagskráin á Hringbraut

Íslenskt sjónvarpsefni í 5 ár



21

Frétta- og umræðuþáttur með áherslu á pólitík, þjóðmál, menningu og lífsreynslu



Tilveran

Samtal um manneskjuna og trúna á tímum mótlætis í samfélaginu



Bílalíf

Fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi



Eldhugar

Færir viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins



Fasteignir og heimili

Upplýsandi og fróðlegur þáttur um fasteignir, heimili og húsráð af öllu tagi



Heilsugæslan

Fræðsluþáttur um heilsu og lífsstíl, unninn með fagfólki og sérfræðingum



Lífið er lag

Tekur á málefnum fólks á besta aldri sem lifir áskoranir efri ára



Mannamál

Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi, opinskár og hispurslaus



Suðurnesjamagasín

Skoðar mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar suður með sjó



Saga og samfélag

Fer með áhorfendur fram og aftur tímann í íslenskum fræðum og menningu



Undir yfirborðið

Varpar ljósi á allt það sérstæða í lífinu sem stundum er falið og fordæmt



Viðskipti með Jóni G

Fréttatengdur þáttur sem tekur púlsinn á íslensku viðskiptalífi

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA



HRINGBRAUT

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Vænn arfur

Reiði blossaði upp sums staðar í samfélaginu þegar tveir stofnendur Samherja ákváðu að afhenda börnum sínum nær allan hlut þeirra í útgerðinni hér á landi. Öfund lét líka á sér kræla. Við gjöfina urðu erfingjarnir jú með ríkari Íslendingum.

Það eru mannleg viðbrögð þegar fúlgur fjár skipta um hendur. Því til viðbótar á umræða um aflaheimildir það til að fá dagfarsprúða til að sýna á sér aðrar hliðar. Það er þó ekki þar með sagt að þær tilfinningar séu skynsamlegar eða eigi að varða veginn í umræðunni. Þvert á móti.

Kvótakerfið var mikil blessun fyrir íslensku þjóðina og í grunninn er um fallega gjörð foreldra að ræða. Frumkvöðlar byggðu upp glæsilegt fyrirtæki frá grunni og hafa rekið það í 37 ár. Í kringum eftirlaunaaldur vildu þeir láta hlut sinn í hendur afkomenda og leyfa þeim að njóta ávaxtanna. Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri og meðstofnandi Samherja, verður 67 ára í ár. Athafnamennirnir tveir eiga þó áfram umsvifamikinn rekstur erlendis og kjölfestuhlut í Eimskipi.

Við þessar aðstæður mætti spyrja: Hvers vegna þurfa erfingjarnir að greiða ríkinu fyrir gjöf frá foreldrum sínum? Fyrir atþeina frumkvöðlanna hefur verið fjárfest ríkulega í rekstrinum og hann hefur í áratugi skilað miklum tekjum í vasa ríkisins. En erfingi þarf að greiða umtalsverðar fjárhæðir – sem væntanlega þarf að fjármagna með lánum – til að taka við gjöfinni. Ekki verður fram hjá því lítið að erfðafjárskattur er eignaupptaka.

Það að hægt sé að selja fiskveiðiheimildir var mikið heilla-skref. Og ef hægt er að selja þær er eðlilegt að kvótinn gangi í erfðir. Í fjölskyldufyrirtækjum eru tvær leiðir færar við kynslóðaskipti: Selja reksturinn eða afkomendur taka við honum. Það hefði komið mörgum á óvart ef stofnendur Samherja hefðu selt öðrum útgerðina.

Andstæðingar kvótakerfisins nýta kynslóðaskiptin sem vopn til að skapa óánægju um ríkjandi fyrirkomulag. Hafa verður hugfast að víðast hvar annars staðar er sjávarútvegur ríkisstyrktur. Efna-hagsleg lífsgæði á Íslandi væru mun lakari ef ríkið yrði að styrkja atvinnugreinina. Gott gengi sjávarútvegs er því ekki sjálfsgefið og því verður að skapa greininni góð rekstrarskilyrði.

Hugmyndir um að ríkið leysi til sín hluta af kvóta útgerða og bjóði aflaheimildirnar út mun leiða til lakari reksturs í sjávarútvegi. Við þær aðstæður er minni fyrirsjáanleiki í rekstrinum og það mun draga úr vilja þeirra til að fjárfesta ríkulega til að efla starfsemina.

Kaupir í Marel og Össuri fyrir 1,5 milljarða

Sjóður í stýringu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Royce Investment Partners, sem sérhæfir sig í fjárfestingum í minni fyrirtækjum, fjárfesti á fyrsta fjórðungi ársins í Marel og Össuri fyrir um einn og hálfan milljarð króna.

Um er að ræða fyrstu fjárfestingar sjóðsins, sem stýrir eignum upp á alls 670 milljónir dala, í fyrirtækjunum.

Alls fer sjóðurinn, Royce International Pre-



Mark Rayner, sjóðsstjóri.

féllu í verði í fyrri hluta marsmánaðar. – kj

mier Fund, með um 626 þúsund hluti í Össuri, að virði um 600 milljónir króna og ríflega 1,4 milljónir hluta í Marel, sem eru metnir á einn milljarð króna.

Í bréfi sem sjóðsstjórinn, Mark Rayner, skrifaði sjóðfélögum fyrr í mánuðinum, tók hann fram að sjóðurinn hefði skoðað fjárfestingu í Össuri í fimm ár. Hlutabréf í stoðtækjaframleiðandanum hefðu orðið meira aðlaðandi eftir að þau

22.05.2020

Oftast er það nú þannig að stór hluti af þessu fólki [sérfræðingar úti í bæ] veit bara ekki nokkurn skapaðan hlut um hvað hann er að tala.

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group



Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

